



Eldvarnaátakið - leiðbeiningar með teiknimynd og glærum

Notum einfalt og skýrt talmál!

1. Eldvarnaátakið kynnt

- Samstarfsverkefni Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna, slökkviliðanna og fleiri. 3. bekkur í öllum skólum á landinu.
- Vekja athygli barnanna á að árlega verða margir brunar og fólk slasast og jafnvel deyr.
- Þess vegna leggja slökkviliðsmenn mikla áherslu á forvarnir. Við viljum ekki að fólk slasist eða deyi vegna elds.

Eftir þessa glæru sýnum við börnunum teiknimyndina um Loga, Glóð og Brennu-Varg. Best er að spyrja börnin hvort þau muni eftir Loga og Glóð úr leikskólanum og útskýra fyrir þeim að þetta séu einmitt sömu slökkviálfarnir og aðstoðarmenn slökkviliðsins sem heimsóttu þau í leikskólann. Eftir sýningu myndarinnar væri gaman að kalla eftir viðbrögðum barnanna, hvað þeim finnst um myndina, hvort hún hafi verið skemmtileg, hvort þau hafi lært eitthvað af henni. Ekki þó eyða löngum tíma í þetta. Síðan er farið í gegnum glærurnar hverja af annarri og rætt við börnin út frá efni myndarinnar:

2. Reykskynjarinn vakir yfir okkur

- Sýna og prófa reykskynjara.
- Best að hafa reykskynjara í öllum herbergjum, líka svefnherbergjum, eins og heima hjá Emilíu í myndinni.
- Skipta um rafhlöðu einu sinni á ári t.d. í Eldvarnavikunni. eða 1. sunnudag í aðventu. Endurnýja reykskynjara á tíu ára fresti.

3. Neyðarnúmerið – einn, einn, tveir

- Eitt númer – allt landið. Slökkvilið, lögregla, sjúkraflutningar, björgunarsveitir, barnaverndarnefndir. Hringið, þótt þið séuð í vafa. Einn, einn, tveir = 1-1-2 (munur, nef, augu). Þið getið alveg hringt í 112 eins og Logi gerði í myndinni. Þess vegna kom slökkviliðið og allt fór vel.

4. Flóttaleiðir – að komast út

- Mikilvægt er að æfa neyðarútgöngu um flóttaleiðir. Emilía og mamma hennar gera það á hverju ári.
- Flóttaleiðir eiga að minnsta kosti að vera tvær frá hverri íbúð.
- Ákveða þarf hvar á að hittast eftir að út er komið.

5. Slökkvitæki og eldvarnateppi

- Slökkvitæki – hafa við útgönguleið.
- Eldvarnateppi – í eldhúsi. Sýna bæði slökkvitæki og eldvarnateppi.
- Benda á að í myndinni gátu margir slökkt eldinn sjálfir með slökkvitæki eða eldvarnateppi og komið þannig í veg fyrir mikið tjón, eins og Sigfinnur sagði í sjónvarpinu.

6. Förum varlega

- Brýna fyrir börnum að fíkta ekki með eldspýtur, kveikjara eða önnur eldfæri og útskýra hættur sem fylgja logandi kertum, t.d. gluggatjöld, skraut og annað eldfimt. (Kertaljós hefur sérstakt aðdráttarafl fyrir börn). Þið sáuð hvað gerðist þegar Brennu-Vargur var að fíkta með eld, það kviknaði í.
- Slökkva alltaf á kertum þegar herbergið eða heimilið er yfirgefið. Passa þetta sérstaklega núna fyrir jólin
- Ekki hlaða síma og tölvur innan um brennanleg efni eins og fatnað og rúmfatnað.

7. 8 og 9 Sagan og Eldvarnagetraunin

- Börnin fá söguna af Brennu-Vargi og Loga og Glóð að gjöf ásamt A4 plakati. Útskýrið verkefnið. Svörin eru í sögunni. Dregið verður úr réttum lausnum og vegleg verðlaun afhent á 112-daginn, 11. febrúar. Börnin fara með söguna heim og leysa úr verkefninu með hjálp foreldra og skila því síðan til kennara sem fer yfir verkefnið og skilar því til LSS. Kennarar afhenda gjöfina þegar getrauninni er skilað.

Sjálfsagður hluti af umræðunni er að leyfa börnunum að spyrja og tala frá eigin brjósti. Einnig er mælt með því að bjóða krökkunum að sjá myndina aftur til áréttingar.

Algennt er að heimsókn ljúki með því að fara með börnunum út og sýna þeim tæki og tól, bæði slökkvibíl og sjúkrabíl ef svo háttar til. Og ekki sakar að biðja starfsmann leikskólans að lokum að taka mynd af ykkur með börnunum til minningar um þessa skemmtilegu heimsókn. Komi veður í veg fyrir að unnt sé að fara út og skoða tækin má hugsa sér að bjóða börnunum í heimsókn síðar og gera þetta þá.